

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

7. fundur stjórnar L.H. haldinn í Svignaskarði, þann 19. apríl 1991 kl. 20:30.

Mætt: Kári, Skúli, Gunnar, Guðmundur, Ingimar, Halldór, Jón, Sigbjörn, Elísabet, Kristmundur. Þá sat fundinn nýráðinn framkvæmdastjóri Sigurður Þór-hallsson.

Formaður setti fund og bauð Sigurð sérstaklega velkominn til starfa.

1. Reiðvegir og Vegagerð ríkisins.

Sigurður greindi frá bréfi sem hann hafði sent Vegagerðinni og ennfremur var lagður fram listi yfir trún-aðarmenn L.H. um reiðvegamál. Ræddi Sigurður efni bréfsins og það var lagt fram bréf til trúnaðarmannanna og efni þess einnig rætt. Þá greindi hann frá fundi um reiðvegamál á vegum félaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Kári ræddi þetta einnig og benti á ýmislegt í þessu sambandi.

Ingimar benti á að rétt væri að samræma samskipti við Vegagerðina og þau viðhorf sem þarf að kynna gagnvart verkfræðingum þar.

Kristmundur taldi að hóffjaðramálið hefði verið heldur neikvætt. Þá greindi hann frá því að Vegagerðarmenn hefðu komið fram með það sjónarmið að reiðvegagerð væri ekki síður mál hestamanna sjálfra og sveitarstjórna.

Gunnar greindi frá ýmsum vandamálum varðandi samskipti við Vegagerðina. Þá tók Gunnar dæmi um vandamál í ná-grenni Selfoss. Þá kom fram að Vegagerðin hefur ekki heimild til að verja meiru en sem nemur hinu sérstaka framlagi til reiðvegagerðar.

Þá ræddu fundarmenn um það að hafa áhrif á sveitastjórnir þessum málum til framdráttar.

Skúli taldi að knýja ætti meira á um pólitíská línu í þessum málum. Þá ræddi hann um að fjöldi trúnaðarmanna í héruðum væri mismunandi, en á Vestfjörðum eru þeir 4 en það er með sérstöku tilliti til staðháttar.

Elísabet taldi hóffjaðragjaldið ekki neikvætt, enda hlyti eitthvað að verða að koma frá hestamönnum sjálfum.

Sigurður ræddi einnig um að eitt megin markmiðið hlyti að vera að forða slysum.

Ingimar benti á að reiðvegaframkvæmdir hefðu ekki stoð í lögum og þar með væru bollaleggingar um slikt erfiðar.

Kári ræddi um efni samkomulags frá '82 og vanefndir á því. Þetta mál þarf að vinna gagnvart þingmönnum, sveita-stjórnarmönnum og hestamönnum sjálfum.

Kristmundur ræddi um vanefndir á samkomulaginu frá '82.

Fundarmenn ræddu þetta síðan nokkuð og ákveðið að taka upp markvissari vinnubrögð en verið hefur og formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Að lokum gerði Gunnar grein fyrir úthlutun reiðvegafjár. Úthlutað var kr. 6.000.000

2. Málefni skrifstofu L.H.

Formaður greindi frá því að viðræður væru í gangi við HÍS og í undirbúningi er að fá hitt herbergið, sem Hesturinn Okkar hafði. Þá er skrifstofan vanbúin nútíma skrifstofuahöldum. Sigurður taldi tölvukaup nauðsynleg, enda er tölván sem Hesturinn Okkar hafði úreldt. Hann minnti á að vanda þyrfti val súkra tölvu svo hún entist vel. Þá taldi hann að HÍS væri tilbúið til að greiða súkra fjárfestingu að hálfu. Hann taldi að þetta myndi borga sig.

Rætt var um hlutdeild HÍS í starfi Sigurðar og skýrði formaður málið og er gert ráð fyrir því að HÍS noti starf Sigurðar að hálfu.

3. Skógarhólar.

Sigurður Þorsteinsson er ráðinn næsta sumar og sér skrifstofan um samskipti við hann. Þar þarf að gera ýmislegt til úrbóta.

Sigurður greindi frá hugmyndum um úrbætur á leiðinni til Skógarhóla og er ætlunin að nota reiðvegafé til þess.

4. Fjórðungsmót '91.

Undirbúningur gengur vel. Nefndin hefur sótt um að fá að nota merki sambandsins og var það heimilað af stjórninni.

5. Ráðstefna um stórmótahald í mars.

Niðurstaða þar virtis vera afgerandi sem er að breyta sem allra minnst því fyrirkomulagi, sem verið hefur, og ytra fyrirkomulagi haldið óbreyttu. Þá komu fram vissar ábendingar um skipulagsmálín. Leggja þarf fram nýjar tillögur um þessi mál fyrir næsta þing.

Fundarmenn ræddu þetta og hvert framhaldið ætti að vera.

Skúli greindi frá hugmyndum sínum um skiptingu landsins í þriðjunga með tilliti til sýninga.

Jón Bergsson ræddi um viðhorf til þessara mála í sínum fjórðungi, einkum vegna þess hve landfræðilegar aðstæður eru sérstakar.

Kári ræddi um ýmislegt sem kann að koma inn í þessa umræðu.

Fundarmenn ræddu svo um þessi viðhorf sem þarna eru uppi.

Ákveðið að hafa tilnefningu í nefndir um mótað og skipulagsmál tilbúna á næsta fundi.

Halldór kom með ábendingar um að láta eina nefnd vinna að þessu máli.

Í framhaldi af þessu urðu umræður um landsmót, staðarval og fleira.

6. Samningur um ferð á HM í Norrköping.

Kári hafði formála um málið. Málið er að skrifstofan sjái um að selja farmiða á mótið í samvinnu við ferðaskrifstofu í Svíþjóð. Las formaður samningsuppkast þar um.

Sigurður skýrði einnig málið. Út á þetta fæst tiltekinn fjöldi frímiða, sem miðast við árangur.

Tilefni málsins var rætt nokkuð.

7. Samningur við Dómarafélagið.

Gunnar kynnti málið og fyrir lá samningur um þóknun tilbúinn til staðfestingar.

Kristmundur ræddi um vandamál varðandi forföll dómara. Menn ræddu um að bera fram kvörtun þegar slíkt kemur upp.

8. Svæðisfundir.

Formaður ræddi um svæðisfundi og nauðsyn þess að koma þeim á. Kári sagðist eiga erindi norður í land og kvaðst hafa huga á að heimsækja félög á N-Austurlandi í leiðinni ásamt framkvæmdastjóra og heimamanni í stjórn.

Stjórnin fagnaði þessu og hvatti þá til fararinnar.

Halldór kom með þá ábendingu að verið gæti að þetta hentaði betur í haust.

Sigurður taldi að hugsast gæti að hentaði að fara í Eyjafjörð. Þetta verður skoðað.

9. Stefnt verður að því að kveðja Hjalta í tengslum við næsta fund.

10. Halldór kynnti tillögu að félagsbúningi fyrir Feyki.

Stjórnarmönnum virtist hann greina sig vel frá búningum annarra félga. Samþykkt.

Fundarmenn ræddu um barmmmerki á jakka, og töldu að stefna ætti að því að merkja jakka með þessum hætti.

11. Sigbjörn greindi frá starfi blóðflokkaneftnar og hefur 1 fundur verið haldinn. Annar fundur verður í maí.

12. Merkin eru komin á skrifstofuna, vísast til bókunar 4.12.90. um meðferð málsins.

13. Skúli þakkaði fyrir þessa heimsókn og kvaðst hann þakklátur
stjórnarmönnum fyrir að hafa komið og að lokum þakkaði for-
maður heimboðið og sleit fundi kl. 00:15

Kári Arnórsson
Halldór Gunnarsson
Jón Bergsson
Kristmundur Halldórsson
Elísabet Þ. Þórólfssdóttir
Sigbjörn Björnsson.

Guðmundur Jónsson
Ingimar Ingimarsson
Skúli Ögm. Kristjónsson.
Gunnar B. Gunnarsson